

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 5. október 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-44/2012:

I

Hinn 25. júní sl. barst kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa beiðni frá X, hér eftir einnig nefnd álitabeiðandi, um álit nefndarinnar vegna ágreinings hennar við Y. Ágreiningur aðila lýtur að vinnu við flísalagnir o.fl. í húseign álitabeiðanda í kjölfar þess að álitabeiðandi keypti gallaðar flísar af Y.

II

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir eftirfarandi:

„Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitagerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.“

Í 5. mgr. sömu greinar reglugerðarinnar segir eftirfarandi:

„Málsmeðferð fyrir nefndinni er skrifleg og kallar nefndin ekki fyrir vitni eða sérfróða menn nema að 2. mgr. 4. gr. eigi við í málinu.“

Samkvæmt því sem fram kemur í álitabeiðni og gögnum er henni fylgdu verður ekki betur séð en ágreiningur aðila sé flókin og varði ýmiss atriði við framkvæmd og framgang þess verks sem ágreiningurinn stendur um. Skriflegum samningum á milli aðila er ekki til að dreifa. Kæruneftndin telur útilokað að forsendur séu fyrir því að gefa efnislegt álit á deiluefni aðila, sem byggjandi yrði á, án þess að til komi að þeir sem að verkinu komu með einhverjum hætti gefi munnlegar skýrslur um málið. Kæruneftndin hefur ekki heimild til að efna til slíkrar skýrslutöku og lítur svo á, m.a. af þeim sökum, að ágreiningur aðila sé þess eðlis að nefndin geti ekki tekið afstöðu til hans með álitagerð, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006, sem rakin er hér að framan. Kæruneftndin vísar því álitabeiðninni frá.

III

Álitserð

Vísað er frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa álitabeiðni X.

Áslaug Árnadóttir

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir